

VESTURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir  
Veiðifélag  
Bolungarvíkur

VATNAKERFI ÓSÁR VIÐ BOLUNGARVÍK 1986


ATHUGUN Á VEIÐISKÝRSLUM OG MAT  
Á AFRAKSTRI SMÁSEIÐASLEPPINGA

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

Eintak bókasafns .1987.

Veiðimálastofnun.

VMST-V/87009



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116  
- INNG. FRA HLEMMI

PÓSTH. 5252  
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

BORGARNESI, FEBRÚAR 1987

VMST-V/87009

VATNAKERFI OSAR VID BOLUNGARVIK 1986  
ATHUGUN A VEIÐISKYRSLUM OG MAT A AFRAKSTRI SMASEIDASLEPPINGA

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá athugun sem gerð var á aflaskýrslum sem borist hafa úr vatnakerfi Ósár við Bolungarvík. Í Ósá og Miðdalsvatni er bæði stangveiði og netaveiði. Eingöngu er veitt á stöng í Ósá sjálfri en netaveiði er stunduð jöfnum höndum ásamt stangveiði í Miðdalsvatni. Síðan 1985 hafa skýrslur verið haldnar yfir netaveiðina í vatninu og er skýrsluhaldið liður í því að athuga hvernig nýtingu vatnsins er háttað og er forsenda þess að fiskstofnar vatnsins séu nýttir á skynsamlegan hátt. Einnig verður hér unnið úr hreistursýnum af laxi sem barst úr veiði 1986 í þeim tilgangi að meta afrakstur smáseiðasleppinga á laxaseiðum í vatnakerfið á undanförunum árum. Um fiskstofna svæðisins og staðhætti er vísað til fyrri rannsókna Veiðimálastofnunar (Sigurður Guðjónsson 1984, Sigurður Már Einarsson 1986).

2. ATHUGANIR A LAXI

2.1 LAXVEIDAR

Heildarlaxveiðin varð 60 laxar. Þar af veiddust 20 laxar á stöng, en 40 í net. Fyrsti laxinn veiddist á stöng 19. júní, en í netaveiði kom allur laxinn á land í ágúst og september (Tafla 4).

2.2 ÞYNGDARDREIFING

Þyngdardreifing laxanna er sýnd í töflu 1, bæði úr stangveiði og netaveiði. Af 47 löxum sem vegnir voru reyndust 27 vera af eins árs laxi eða 57.4% aflans og 20 af stórlaxi (tvö ár í sjó) 42.6% aflans.

2.3 ATHUGUN A HREISTURSSYNUM

Alls bárust 18 sýni af laxahreistri (Tafla 2). 72.2% þeirra voru af eins árs laxi en 27.8% af tveggja ára laxi. Flestir laxanna reyndust hafa dvalið 2 ár í ferskvatni eða 44.5%, en 22.2% höfðu dvalið 3 ár í ferskvatni. Tveir laxar eða 11.1% höfðu 4 ár að baki í ferskvatni.

Flestir laxanna voru af árgangi 1983 eða 38.9% (Tafla 3) en næst kom árgangur 1981 (33.3%) og 1984 (22.2%).

2.4 AFRAKSTUR SMASEIDASLEPPINGAR

Hreistursmynstur laxanna sýndi að 12 laxar eða 66.7% voru upprunnir úr smáseiðasleppingum. Flestir þeirra voru frá sleppingu 1983 eða 7 og eins fundust laxar úr sleppingu frá 1984 og 1982. Ef fjöldi sýna er marktækur fyrir heildarveiði

í sumar, má gera ráð fyrir að 40 laxar hafi veiðst 1986 sem rekja megi til smáseiðasleppinga á laxaseiðum.

### 3. ATHUGANIR A SILUNGI

Í netaveiðum veiddust 763 bleikjur sem alls voru 363 kg að þyngd (Tafla 4). Enginn urriði veiddist, en 40 laxar sem fyrr greindi. Netasókn var 206 lagnir, sem var nokkur aukning frá 1985 en þá voru netalagnir alls 180. Afli per lögn var 3.7 bleikjur að jafnaði, sem er svipað og 1985 (3.5). Afrakstur af vatninu ef miðað er við 100 ha var 3.6 kg/ha sem er svipað og 1985 en þá var nýting í netaveiðinni um 3.3 kg/ha.

Silungsveiði á stöng var samkvæmt skýrslum 353 bleikjur alls um 180 kg og í heild hefur vatnasvæðið því gefið af sér um rúmt hálft tonn af bleikju.

### 4. ALYKTANIR

Nýting vatnasvæðisins reyndist vera svipuð og árið 1985. Hvað laxveiði varðar varð nokkur aukning, en sem fyrr virðist árangur smáseiðasleppinga á laxaseiðum ekki skila verulegum árangri. Brýnt verkefni er því að kanna hversu margir laxar gangi á vatnasvæðið, því fræðilega séð mætti nýta langflesta laxana sem ganga, þar sem hrygningarmöguleikar eru takmarkaðir. Eg tel að minnka ætti verulega smáseiðasleppingarnar því hugsanlega má ná sama árangri með mun færri seiðum (Sigurður Már Einarsson 1986).

Nýtingu silungsstofnsins mætti auka. Óhætt er að veiða a.m.k. 10 kg/ha, þ.e. að þrefalda aflann frá því sem nú er. Þetta mætti gera á ýmsan hátt t.d. með aukinni netaveiði, eða stunda veiði á öðrum árstíma t.d. undir ís á veturna.

### 5. HEIMILDASKRA

Sigurður Guðjónsson 1984. Athugun á vatnasvæði Ósár við Bolungarvík. VMST-V. Skýrsla 7 bls.

Sigurður Már Einarsson 1986. Vatnakerfi Ósár vð Bolungarvík. Fiskirannsóknir 1985. VMST-V/86004. Skýrsla 19 bls.

TAFLA 1

ÞYNGDARDREIFING LAXA (PUND) Í STANGVEIÐI OG NETAVEIÐI  
VATNAKERFI ÖSAR 1986

ÞYNGD	<u>STANGVEIÐI</u>				<u>NETAVEIÐI</u>				<u>ALLS</u>			
	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ÖS</u>	<u>ALLS</u>	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ÖS</u>	<u>ALLS</u>	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ÖS</u>	<u>ALLS</u>
3							1	1			1	1
4		1	1	2			7	7		1	8	9
5	2			2			2	2	2		2	4
6							5	5			5	5
7		2		2			3	3		2	3	5
8	1			1			2	2	1		2	3
9	1	2		3			1	1	1	2	1	4
10		3		3						3		3
11	1	5		6			3	3	1	5	3	9
12							1	1			1	1
13												
14	1			1			1	1	1		1	1
15												
16												
17												
<u>18</u>							<u>2</u>	<u>2</u>			<u>2</u>	<u>2</u>
Alls	6	13	1	20			28	28	6	13	29	47

TAFLA 2

ALDURSSAMSETNING OG KYNJAHLUTFALL LAXA SAMKVÆMT  
GREININGU HREISTURSSYNA AF KYNÞROSKA LAXI Í  
VATNAKERFI ÖSAR VIÐ BOLUNGARVIK ÁRÍÐ 1986

AR Í <u>FERSKV.</u>	<u>AR Í SJO</u>								FJOLDI <u>N</u>	FJOLDI <u>N</u>
	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ÖS</u>	<u>ALLS</u>	<u>HÆ</u>	<u>HR</u>	<u>ÖS</u>	<u>ALLS</u>		
1	2	2	0	4	0	0	0	0	4	22.2
2	2	5	0	7	0	1	0	1	8	44.5
3	0	0	0	0	1	2	1	4	4	22.2
<u>4</u>	<u>2</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>2</u>	<u>11.1</u>
FJOLDI	6	7	0	13	1	3	1	5	18	100.0
FJOLDI %		<u>72.2%</u>				<u>27.8%</u>				

TAFLA 3

FJOLDI LAXA I HVERJUM ARGANG I VATNAKERFI OSAR 1984

<u>ARGANGUR</u>	<u>FJOLDI</u> <u>N</u>	<u>FJOLDI</u> <u>%</u>
1984	4	22.2
1983	7	38.9
1982	1	5.6
<u>1981</u>	<u>6</u>	<u>33.3</u>
ALLS	18	100.0

TAFLA 4

AFLI OG SOKN I NETAVEIDUM I MIDDALSVATNI  
EFTIR FISKTEGUNDUM ARID 1986

<u>TIMABIL</u>	<u>FJOLDI</u> <u>LAGNA</u>	<u>BLEIKJA</u>		<u>URRIDI</u>		<u>LAX</u>	
		<u>FJOLDI</u>	<u>ÞYNGD</u>	<u>FJOLDI</u>	<u>ÞYNGD</u>	<u>FJOLDI</u>	<u>ÞYNGD</u>
JUNI	24	58	40.8	0	0.0	0	0.0
JULI	74	182	97.1	0	0.0	0	0.0
AGUST	74	389	168.2	0	0.0	26	74.0
SEPTEMBER	34	134	56.9	0	0.0	14	58.4
ALLS	206	763	363.0	0	0.0	40	132.4

AFLI/LOGN = 3.7 FISKAR/LOGN (1986)  
3.5 FISKAR/LOGN (1985)